HÖFÐI FASTEIGNASALA
Suðurlandsbraut 52
108 Reykjavík
Sími 533 6050
Faxnr. 533 6055
www.hofdi.is

Runólfur Gunnlaugsson
Lögg.fast.

Ásmundur Skeggjason
Lögg.fast.

Brynjar Baldursson
Sölufulltrúi

Jóhann Friðgeir Valdimarsson
Sölufulltrúi

Kristinn Tómasson
Lögg.fast.

Fyrir fólk á fasteignamarkaði

SUÐURNESJABLAÐIÐ

— 06. SEPTEMBER 2018 —

12. tölublað 2. árgangur

Yfir 100 viðburðir á Ljósanótt

Öll síðasta vika var undirlögð af fjölmörgum viðburðum á Ljósanótt. Eins og venjulega tóku bæjarbúar og gestir virkan þátt í hátíðahöldunum. Árgangagangan eftir Hafnargötunni er fastur liður í hátíðahöldunum.

Lodduganga bls 2

Réttir í Grindavík bls 6

Rödd unga fólksins bls 12

ÍSRÖR

Hjá Ísrör færðu einangruð hitaveiturör frá LOGSTOR

- Stálrör
- Stálfittings og samsetningar

- Pexrör
- Pexfittings og samsetningar

- PexElextra sveiganlegri plaströr
- Pexfittings og samsetningar

Og svo allt annað sem þarf til hitaveitulagna

ÍSRÖR



Nýtt hjá ÍSRÖR

Bjóðum nú kaldavatnslagnir PE-100 og PE-80 ásamt tilheyrandi fittings

Bjóðum einnig snjóbræðslurör PP og PE

Hringhella 12, 221 Hafnarfjörður · Sími 565 1489 · isror@isror.is · www.isror.is

Járnabakkar
Járnabindingavörur



Erum með á lager
allar helstu gerðir af járnabökkum

- Bindivír 1 mm U hankir og rúllur 1.4 mm
- Fjarlægðarstjörnur og steinar 20-50 mm
- Plastlistar á undirslegnar plötur, einnig harðir
- U listar á ull eða plasteinangrun
- Járnstólalengjur, sterkir og góðir stólar frá 50 mm
- Mótarör og kónar 10–50 mm
- Öryggishlífar á kambstál, listar og sveppir

Vír og lykkjur ehf
www.viroglykkjur.is - viroglykkjur@internet.is
772-3200/692-8027

RECARO
Barnabílstólar í úrvali

SEAT FIX
AIR CIRCULATION SYSTEM
LIGHT WEIGHT
ECE NORM R 44/04
HERO
ISO FIX
ADVANCED SIDE PROTECTION

BÍLASMIÐURINN HF
Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

LEIÐARI

Hagstæðara fyrir hvorn?

Að undanförnu hafa birst fréttir um það að mesta kaupmáttaraukningin væri hjá wþeim elstu í þjóðfélaginu. Ef þetta er staðreyndin hvað eru þá samtök eldri borgara alltaf að kvarta? Ættu það ekki að vera allt aðrir hópar í þjófélaginu sem hefðu ástæðu til að kvarta og kveina?

Það er eðlilegt að fólk setji upp stórt spurningamerki þegar svona fréttir birtast í sjónvarpi og öðrum fjölmiðlum. Forystumenn ríkisstjórnar grípa þetta á lofti og hrópa, þetta sannar hvað við erum ofsalega góð við gamla fólkið. Það þarf enga launahækkun á næstunni.

Það er rétt að skoða þetta nánar. Það er nefnilega auðvelt að blekkja með alls konar kúnstum,þegar um prósentur er að ræða.

Tökum dæmi um tvo menn. Annar fær útborgað á mánuði 250 þúsund krónur á mánuði. Gæti verið á lægstu launum á vinnumarkaðnum, öryrki eða eldri borgari með greiðslu úr lífeyrissjóði og/eða frá Tryggingastofnun. Köllum hann A mann.

Hinn maðurinn er með eina milljón á mánuði útborgað. Gæti verið topp embættismaður hjá ríki eða sveitarfélagi eða framkvæmdastjóri í fyrirtæki. Köllum hann B mann.

Nú gerist það að A maðurinn fær 10 % hækkun á sín laun eða 25 þúsund krónur hækkun á mánuði.

Auðvitað er hægt að halda því fram að kaupmáttur hans hafi aukist. Hann gat ekkert látið eftir sér á fyrri launum en nú hefur hann kannski efni á að kaupa sér nokkra sviðahausa á lægsta verði.

Á sama tíma gerist það að B maðurinn fær 5 % hækkun á sína milljón eða 50 þúsund króna hækkun á mánuði. Að sjálfsögðu er hægt að segja það að kaupmáttur hans hafi ekki aukist mikið við þetta. Staðreyndin er nefnilega sú að kaupmáttur hans var mjög góður. Munurinn er samt sá að nú getur B maðurinn keypt sér enn þá dýrari nautasteik en áður.

Auðvitað er hægt að halda því fram að það sé tvisvar sinnum meira að fá 10% kauphækkun heldur en 5 %. En er það rétt? Er ekki nær að miða við að A maðurinn fékk 25 þús. króna hækkun en B maðurinn fékk 50 þús.króna hækkun.

Ég held að flestir hljóti að viðurkenna að B maðurinn með sína milljón og 50 þúsund til viðbótar sé betur settur. Það var hagstæðara fyrir hann.

Ég skrifa þetta vegna Þess að nú er sagt að litlir möguleikar séu á því að hækka laun fólks. Það sé aðeins 4 % svigrúm. Ef það á að ganga jafnt yfir alla í prósentum sjáum við að óréttlætið heldur áfram.

Eigi að nást friður og sátt í þjóðfélaginu verður að stíga þau skref í vetur að hinir verst settu í landinu hafi forgang hvað varðar bætt kjör.

Sigurður Jónsson

12. tölublað 2. árgangur

Útgefandi: Fótspor ehf., Suðurlandsbraut 54 , 103 Rvk. **Ábyrgðarmaður:** Ámundi Ámundason.
Auglýsingastjóri: Ámundi Ámundason, sími: 824-2466, netfang, amundi@fotspor.is.
Auglýsingar: Sími: 578-1190 & netfang: auglysingar@fotspor.is. **Ritstjóri:** Sigurður Jónsson, netfang: asta.ar@simnet.is, sími: 847 2779 **Umbrot:** Vefpressan. **Prentun:** Ísafoldarprentsmiðja.
Upplag: 10.000 eintök. **Dreifing:** Íslandspóstur. **Vefútgáfa PDF:** www. fotspor.is

Suðurnesjablaðinu er dreift í 10.000 eintökum ókeypis í allar íbúðir á Reykjanesi.

Loddugangan á Sandgerðisdögum alltaf jafn vinsæl

Loddugangan á Sandgerðisdögum er fastur liður í dagskránni.Fjöldi fólks var mættur á fimmtudagskvöldinu til að mæta í gönguna og þiggja veitingar,sem bæjarfulltrúar sáu um að veita íbúum.Loddumeistari, Hörður Gíslason, leiddi gönguna. Stoppað var á nokkrum stöðum þar sem sagðar voru sögur og veitingar veittar í anda Loddu.

Byrjað var í Vörðunni eins og undanfarin ár. „Lítið en ljúft er veitt í Loddu," segir í einkunnarorðum göngunnar sem er aðeins fyrir þá sem eru tvítugir og eldri.

Hægviðri og sólskin á Sandgerðisdögum

Sandgerðisdagar fóru nýlega fram í blíðskaparveðri. Við heyrðum aðeins í Magnúsi Stefánssyni bæjarstjóra.

Hvernig tókust Sandgerðisdagar í ár?

Sandgerðisdagar tókust mjög vel í ár, góð þátttaka var í flestum viðburðum og var dagskráin fjölbreytt. Veðurguðirnir tóku líka virkan og góðan þátt í hátíðinni, veður var með besta móti mest alla vikuna og þá sérstaklega á laugardeginum, þegar var hægviðri og sólskin. Mikill fjöldi tók þátt í dagskrá laugardagsins og laugardags kvöldsins, sem endaði með glæsilegri flugeldasýningu. Sveitarfélagið þakkar öllum sem tóku þátt í undirbúningi og framkvæmd Sandgerðisdaga, sem og öllum þeim sem komu að dagskránni með einhverjum hætti. Loks þökkum við íbúum sveitarfélagsins og gestum fyrir þátttökuna.

Hvaða máli skiptir svona bæjarhátíð fyrir sveitarfélagið?

Svona bæjarhátíðir skipta miklu máli fyrir íbúana og samfélagið í heild. Íbúarnir taka virkan þátt, hittast og kynnast betur. Það var til dæmis ánægjulegt hve íbúarnir í báðum hverfum sveitarfélagsins mættu vel og það er að sjálfsögðu mikilvægt núna í kjölfar sameiningar sveitarfélaganna, því það er mikilvægt í því ferli að íbúarnir kynnist og upplifi samkennd hver með öðrum. Bæjarhátíðir eru haldnar vítt og breitt um landið, nánast allar helgar frá vori til hausts, sem ber vitni um mikilvægi bæjarhátíðanna á hverjum stað.



Leitin mikla óþörf

Enn hefur ekki verið fundið formlegt nafn á nýja sameinaða sveitarfélagið. Á sínum tíma fengu íbúar að velja á milli nokkurra nafna eins og Heiðarbyggð,Útnesjabyggðm og fleiri. Íbúar í garði og Sandgerði svöruðu þessu með því að greiða ekki atkvæði eða skila auðu. Það varð því úr að bæjarstjórn treysti sér ekki að fara niðurstöðu og nota nafnið Heiðarbyggð,ena aðeins örfrá prósent íbúa sem það vildu.

Nú hefur bæjarstjórn hafið leit að nýju nafni og skal kosið um þau í formlegri kosningu.

Nafnið sem sennilega flestir hefðu sætt sig við var Suðurnesjabyggð eða Sveitarfélagið Suðurnes. Grindavík og Vogar gerðu athugasemd við að nafn væri notað. Það er því ekki hægt.

Sveitarfélagið Garður og Sandgerði

Að sjálfsögðu eigum við að nota nafnið Sveitarfélagið Garður og Sandgerði. Það eru fordæmi fyrir því að tvö sveitarfélög sem sameinist noti bæði nöfnin í nýju sveitarfélagi.

Leita að nafni

Á fundi bæjarráðs Garðs og Sandgerðis var rætt um heiti sameinaðs sveitarfélags Í framhaldi af umræðu um málið í bæjarráði, liggur fyrir minnisblað um næstu skref. Bæjarráð leggur eftirfarndi til við bæjarstjórn: Fram fari íbúakosning um val á nafni, ákveðinn verði kjördagur til að framkvæma kosninguna. Kosið verði með hefðbundnum hætti, með kjörseðli á kjörstað. Bæjarráð fái umboð til að halda utan um ferli málsins og framkvæmd, ásamt Kjörstjórn þar sem það á við. Bæjarstjórn feli bæjarráði að halda utan um val á tillögum um nöfn, sem verði kosið um og skili fullmótuðum tillögum til bæjarstjórnar til staðfestingar.

westfalia
AUTOMOTIVE

DRÁTTARBEISLI

Hágæða beisli, föst eða losanleg, fyrir flestar gerðir fólksbíla og jeppa. Upplýsingar um verð og tímapantanir hjá söluaðilum um land allt.

MotorMax

Motormax ehf.
Vatnagarðar 12
Sími: 545 4040

Söluaðilar Motormax:

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
603 Akureyri
Sími 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
260 Reykjanesbær
Sími 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
800 Selfossi
Sími 480-8000

TOPPBÍLAR
Kletthálsi 2
110 Reykjavík
Sími 587-2000

Kaupfélag Skagfirðinga
Ártorgi 1
550 Sauðárkrókur
Sími 455-4500

Karl Gauti Hjaltason þingmaður Flokks fólksins

Höfum áhyggjur af fullveldinu

Nú styttist í að Alþingi verði sett að nýju. Suðurnesjablaðið hafði samband við nokkra þingmenn Suðurkjördæmis.

Hvaða mál verða þá helst til umræðu?

Það er kristaltært að tvö mál verða fyrirsjáanlega heitustu mál vetrarins, svona á þessari stundu en það eru samningarnir við vinnumarkaðinn og þessi svokallaði þriðji orkupakki Evrópusambandsins sem er harkalega deilt um í Noregi og gæti mögulega haft mikil áhrif hér á landi, ef orkusala í gegnum sæstreng verður að veruleika. Við í Flokki fólksins höfum áhyggjur af fullveldinu og að ansi langt sé seylst í því að ganga á sjálfsákvörðunarrétt þjóðarinnar í því máli og að auki höfum við þungar áhyggjur af áhrifum þessa samnings á orkuverð hérlendis í framtíðinni. Við teljum að standa þurfi vörð um fullveldi landsins og munum hlusta með athygli á málflutning stjórnarliða, þegar þeir munu fullyrða að því sé engin hætta búin af þessum samningi. Í komandi kjarasamningum reynir á stjórn Vinstri grænna hvernig þeir ætla að búa að þeim sem hér hafa lökust kjörin og þurfa að lifa við það að vera langt undir framfærsluviðmiðum stjórnvalda.

Hvað mál munt þú helst leggja áherslu?

Ég mun hamast í þeim málum sem ég best þekki, þ.e. löggæslu- og öryggismál og samgöngu- og umhverfismál. Það er auðvitað alveg óforsvaranlegt hvernig búið er að lögreglunni í landinu sem hefur mátt búa við niðurskurð árum og áratugum saman og sú viðbót fjármuna sem ráðherra segir að lögreglan sé búin að fá og muni fá nægir engan vegin til þess að tryggja viðunandi löggæslu. Lögreglan hefur um langt árabil þurft að búa við mannaflaskort og það hefur komið niður á bæði rannsóknum og sýnilegri og almennri löggæslu og allt gerist þetta þegar íbúum og ferðamönnum fjölgar með áður óþekktum hætti og vandamál sem lögreglan þarf að glíma við verða sífellt flóknari, harðsvíraðri og alþjóðlegri. Annað stórt mál eru samgöngumálin eins og allir íbúar í Suðurkjördæmi þekkja. Við verðum að fara að sjá útspil ríkisstjórnarinnar í þessum málaflokki og það sé með þeim hætti að ekki sé bara verið að plástra blæðandi vegakerfi. Öryggi á vegum fer dvínandi með auknu umferðarálagi og verri vegum og það er ólíðandi.

Ásmundur Friðriksson þingmaður Sjálfstæðisflokksins

Vonandi hægt að klára að koma kjörum öryrkja í höfn

Nú styttist í að Alþingi verði sett að nýju. Hvaða mál verða þá helst til umræðu. Við heyrðum í nokkrum þingmönnum úr Suðurkjördæmi.

Hvaða mál verða helst til umræðu þegar Alþingi kemur saman eftir sumarhlé?

Fjármálafrumvarpið verður að venju stærsta málið í haust. Í frumvarpinu kemur margt gott fram og margir hlutir lagast og við tökum mörg skref framávið með nýju fjárlagafrumvarpi. Það verður eðlilega gagnrýnt en þar liggja helstu pólitísku brotalínurnar í pólitíkinni. Ekki er hægt að skýra frekar frá frumvarpinu en það mun fjármálaráðherra gera á fyrstu dögum þeingsins þegar frumvarpið og tekjuáætlun ríkisins verður lögð fram.

Í fimm ára fjármálaáætlun er bókun um að heilbrigðisþjónusta og fjölbrautarskólinn fái á næstu fimm árum aukið fjármagn svo framlögin til þeirra jafnist sem mest á við sambærilegar stofnanir annarstaðar á landinu. Ég tel að þessi bókun sé mikilvægari en margir átta sig á og við þingmenn kjördæmisins munum fylgja því fast eftir að staða okkar verði jöfnuð á við önnur kjördæmi í landinu.

Samgönguáætlun verður lögð fram fljótlega eftir þingbyrjun. Þar eru miklir hagsmunir fyrir okkar kjördæmi og mikilvægt að standa vörð um öryggi vegfarenda og leggja áherslu á þau svæði þar sem mesta umferðin og slysin eru. Reykjanesbrautin er fjölfarnasti vegur landsins og mikilvægt að halda áfram með framkvæmdir þar eins og gert hafði verið ráð fyrir.

Frumvarðið um laxeldið verður stórt mál sem við ætlum að klára í haust en þar eru auðvitað margt að varast og við viljum fara varlega. Nú þegar hefur 21 milljarði verið varið til uppbyggingar laxelda á Vestfjörðum og þetta er alvöru atvinnugrein sem skapar fjölda starfa og mikil útflutningsverðmæti.

Þá verður frumvarp um veiðigjöld lagt fram og það verður klárað fyrir áramót.

Þá verður vonandi hægt að klára að koma kjörum öryrkja í höfn með kerfisbreytingu og bættum kjörum þeirra. Ég er í samráðshópi um breytingar á almannatryggingum sem hefur fjallað um málið frá því í vor og við höfum fundað í allt sumar, utan 4 vikur í júlí og ágúst. Vinnan gengur vel og vonandi náum við að ljúka þessu mikilvæga máli í sátt fljótlega í haust.

Málefni bænda verður á fá lausn eins og svo mörg önnur mikilvæg mál sem koma fram á þinginu.

Hvað mál munt þú helst leggja áherslu á?

Ég hef komið inn á forgangsmálin sem þingið fjallar um. Sjálfur verð ég með fleiri þingmál en áður og þar eru nokkur mál sem snerta Suðurnes og Reykjanesbæ beint. Þau mál verða kynnt þegar ég legg þau fram og hef lokið við málin og kynnt þau fyrir þingflokki Sjálfstæðisflokksins og fengið á málin meðflutningsmenn. Ég mun leita til þingmanna Suðurkjördæmis í þeim málum enda tel ég að besti árangurinn náist með samvinnu allra þingmanna kjördæmisins í þeim málum.

Þá hef é minnst á Samráðshóp um breytt framfærslukerfi Almannatrygginga sem er að vinna góða vinnu að mínu mati og ég er bjartsýnn á niðurstöðu sem verður gott skref fyrir öryrkja og samfélagið allt.

Ég hef tekið upp í Atvinnuveganefnd stöðu humarsstofnsins og loks hafa borist viðbrögð við þeirri stöðu sem stofninn er í og hefur verið um nokkuð skeið. Ég tel mikilvægt að skoða hvernig við getum náð stofninum upp aftur og því fylgir að þeir sjómenn og útgerðir sem hafa haft stóran hluta tekna sinna af humarveðum verða að fá lausn sinna mála eins og gerst hefur þegar aðrir stofnar hafa hrunið.

Þá mun ég áfram sinna kjósendum mínum og kjördæminu öllu. Ég hef haldið ótrauður áfram að vera í sambandi við fólkið víða í kjördæminu og sinna því að kostgæfni. Ég sé ekki betur en að dagbókin mín sé að þéttast og ekki margar lausar helgar til áramóta. Ég verð því á ferðinni að sinna fólkinu sem er hluti af starfi þingmannsins.

Silja Dögg Gunnarsdóttir, alþingismaður Framsóknarflokks

Stóra málið án efa samgöngumálin

Nú styttist í að Alþingi verði sett að nýju. Hvaða mál verða þá helst til umræðu. Við heyrðum í nokkrum þingmönnum úr Suðurkjördæmi.

Hvaða mál verða helst til umræðu þegar Alþingi kemur saman eftir sumarhlé?

Fjárlögin verða auðvitað stóra málið, eins og alltaf. Það er staðreynd að við Suðurnesjamenn höfum ekki fengið það sem okkur ber við úthlutun fjármuna og því ætlum við okkur að breyta. Þó að skilningur hafi aukist innan embættismannakerfisins á aðstæðum hér suður með sjó, þá er hann enn ekki nægur. Við stöndum ekki bara frammi fyrir mestu fólksfjölgun sem sögur fara af, heldur erum við einnig með sérstaka íbúasamsetningu, þar sem fjórðungur íbúa er af erlendu bergi brotinn. Einnig er ekki horft nægilega til þess hversu margir fara um flugstöðina á hverjum sólarhring sem hefur t.a.m. stóraukið álag á löggæslu og sjúkraflutninga. Í fimm ára fjármálaáætlun (sem er ramminn fyrir málasvið ráðuneyta í fjárlögum ár hvert) sem samþykkt var í vor er eftirfarandi texti:

"Fordæmalaus fjölgun íbúa á Suðurnesjum og fjölgun ferðamanna um land allt kallar á skoðun á því hvort fjárveitingar geti í ríkari mæli færst á milli svæða. Meiri hlutinn beinir því til heilbrigðisráðherra að gera endurskoðun fjárveitinga gagnsærri en verið hefur og upplýsa um þá þætti sem ráða úthlutun fjármuna. Þar þarf sérstaklega að horfa til íbúaþróunar á Suðurnesjum þar sem heilbrigðisframlög á íbúa eru lægri en annars staðar á landinu."

Að fá þessar setningar samþykktar í fjármálaáætlun var ákveðinn sigur fyrir okkur hér á svæðinu. En við þurfum að halda vel á spöðunum og gæta hagsmuna íbúa á Suðurnesjum.

Áhersla á umferðaröryggi

Hitt stóra málið verður án efa samgönguáætlun, sem verður lögð fram í haust. Umferðaröryggi verður að tryggja sem best og hefur auknu fjármagni verið veitt til ýmissa úrbóta til að flýta vegabótum. Fjármagn til viðhalds og lagfæringa á vegum var 5,5 milljarðar 2016 og í ár er það 12 milljarðar. Auknir fjármunir hafa verið settir í vegaþjónustu og viðhald víðsvegar um landið. Fyrr í sumar var fjórum milljörðum bætt við gildandi áætlun þessa árs til að verja vegakerfið fyrir frekari skemmdum í kjölfar stóraukins umferðarþunga. Þá er í fjármálaáætlun gert ráð fyrir sérstöku 5,5 milljarða árlegu framlagi sem bætist við til næstu þriggja ára. Í heildina er gert ráð fyrir að 160 milljörðum verði varið í viðhald og framkvæmdir í vegakerfinu á næstu 5 árum (2019-2023). Viðhald á vegakerfinu hefur aldrei verið meira en nú.

Hvað mál munt þú helst leggja áherslu á?

Mannréttindi, félagslegt réttlæti og þá sérstaklega réttindi barna, eru mér afar hugleikin. Ég mun endurflytja þingmálin mín sem ekki voru samþykkt sl. vor, þ.e. þingsályktun um réttindi barna til að þekkja uppruna sinn, frumvarp um breytingar á lögum barnalífeyri (börn sem hafa misst foreldri), frumvarp um bótarétt fanga, þ.e. að þeir sem stunda vinnu og/eða nám á meðan á afplánun stendur geti unnið sér inn rétt til atvinnuleysisbóta, breytingar á lögum um fæðingarorlof, þ.e. að fólk sem þarf að fara að heima til að fá fæðingarþjónustu fái þann tíma bættan með lengra fæðingarorlofi, frumvarp um aukið eftirlit með dæmdum barnaníðingum sem og frumvarp um bann við ónauðsynlegum aðgerðum á kynfærum drengja (umskurðarfrumvarpið).

Þingveturinn framundan verður án efa spennandi og skemmtilegur. Ég vona að hann verði einnig árangursríkur, okkur öllum til hagsbóta.

CARGOFLUTNINGAR

Sími: 845 0900

FLUTNINGAÞJÓNUSTA

milli Suðurnesja og höfuðborgarsvæðis

- Suðurnes
- Reykjavík
- Suðurnes

Tvisvar á dag!

Sími 845-0900 • cargoflutningar@gmail.com • Finndu okkur á facebook

Ekki sammála um stofnun þriggja nefnda

Bæjarráð Reykjanesbæjar samþykkir að setja á stofn lýðheilsunefnd, framtíðarnefnd og markaðs-, atvinnu – og ferðamálanefnd og að kosning 5 aðalmanna og 5 varamanna í hverja nefnd fari fram á næsta bæjarstjórnarfundi þann 4. september 2018.

Samþykkt með 3 atkvæðum meirihluta, Friðjóns Einarssonar (S), Kolbrúnar Jónu Pétursdóttur (Y), Díönu Hilmarsdóttur (B). Minnihluti, Margrét Ólöf A. Sanders (D) og Gunnar Þórarinsson (Á) greiða atkvæði á móti.

D - listinn og Á - listinn leggja fram eftirfarandi bókun:

„Í ljósi þess að þegar hefur verið gengið til samninga við ráðgjafa um að vinna að endurskoðun skipurits og nefnda bæjarins þá teljum við ekki tímabært að setja þessar 3 nefndir í gagnið. Miðað við greinagerð með tillögunni skarast hlutverk nefndanna við núverandi nefndir bæjarins. Við fulltrúar D - og Á - lista greiðum því atkvæði gegn tillögu meirihlutans.“

Boðið í réttir

Félag eldri borgara á Suðurnesjum bjóða félögum sínum í Þórkötlustaðaréttir laugardaginn 15.september 2018 kl 14:00.

Kl.15:00 er boðið í kaffi í Salthúsið í Grindavík.

Tilkynna þarf þátttöku fyrir laugardaginn 8.september n.k.

Sandgerðingar hringja í Sigurbjörgu sími: 895-7674, Garðmenn hringja í Sigurð sími 847 2779

Vogamenn hringja í Örn sími 846 7334, Grindvíkingar hringja í Margréti sími 896 3173

Eldri borgarar Reykjanesbæ hringja í:

Óla Björk sími: 898 2243 . Kolbrún sími 848 7586

Jón Óli sími 698 1613, Árni sími: 846 3422

Rúta fer frá Miðhúsum Sandgerði kl 13:15 , Rúta fer frá Auðarstofu Garði kl 13:20

Rúta fer frá Álftagerði Vogum kl 13:30, Rúta fer frá Nesvöllum kl 13:30

Allir eldri borgara,sem hafa greitt sitt árgjald geta komið í ferðina.

Aflafréttir

Nýtt fiskveiðiár hafið

Núna er maður staddur á Ísafirði þar sem ég skaust yfir helgi á 57 manna rútu með góðan hóp innanborðs, þar á meðal Biskup íslands og faðir minn Reynir Sveinsson í Sandgerði.

Togarar Nesfisks hafa af og til komið vestur til Ísafjarðar til löndunar eins og Sóley Sigurjóns og Berglín GK og er þá aflanum af þeim ekið suður til Garðs í vinnslu. Bátar frá Sandgerði sem hafa verið skráðir þaðan hafa ekki mikið landað á Ísafirði og t.d þegar að togarnir voru fleiri í Sandgerði en eru núna, t.d Haukur GK, Sveinn Jónsson GK. Ólafur Jónsson GK, Erlingur GK og Guðmundur Jónsson GK þá komu þeir svo til aldrei til Ísafjarðar til þess að landa afla, enda var þá ekki komið þetta ferli í gang að landa langt í burtu og senda marga flutningabíla til þess að sækja fiskinn af skipunum eins og gert er í dag.

Nóg um Ísafjörð. Núna er nýtt fiskveiðiár hafið og þá fara allir stóru línubátarnir til veiða og eins og hefur verið undanfarin ár þá eru þeir bátar á veiðum djúpt fyrir norðurlandinu og austurlandinu. Hafa landað þá víða í höfnum norðanlands, t.d Skagaströnd, Siglufirði, Sauðárkróki og Dalvík. Á Austurlandinu þá hefur helst verið landað á Djúpavogi. Eru þá trukkar sem fara á alla þessa staði að sækja fiskin og keyra honum að mestu til Grindavíkur því að allir línubátarnir eru þaðan.

Í Ágúst þá var Páll Jónsson GK með 248 tonní 3. Jóhanna Gísladóttir GK 243 tonni3. Sighvatur GK 209 tonní 3 og er þetta gamli Sighvatur GK. Kristín GK 193 tonní 3. Sturla GK 184 tonní 5. Valdimar GK 166 tonn´i 4. Óli á Stað GK 164 tonn í 28 róðrum. Mjög mikið róið enn meðalaflinn ekki mikill.

Af minni línubátunum þá var Von GK með 88 tonní 19. Dúddi Gísla GK 48,5 tonn í 14.

Flestir bátanna hafa verið á makríl og hefur veiðin verið mjög góð. Siggi Bessa SF 196 tonní 24. Fjóla GK 173 tonní 26. Lómur KE 114 tonn í 22. Dögg SU 106 tonn í 21. Bergur Vigfús GK 96 tonní 19. Bergvík GK 87 tonni 21. Gosi KE 83 tonn í 16 en báturinn hefur landað öllum afla sínum á Rifi og Ólafsvík.

Addi Afi GK 153 tonn í 23. Guðrún Petrína GK 109 tonní 17, Hlöddi VE 89 tonní 15. Víxill II SH 79 tonní 21. Hringur GK 50 tonní 14. Allir þessir bátar hafa að mestu landað í Keflavík og líka hefur Sandgerði fengið góðan slatta af makrílnum. T.d hefur Bergur Vigfús GK landað mest öllum sínum afla þar,

Netabátarnir fiskuðu mjög vel í ágúst. Grímsnes GK va rmeð 121 tonní 11 og var að eltast við ufsan við suðurströndina og landaði þá í Þorlákshöfn. Var með 121 tonní 11 róðrum og mest 21 tonn í rórði. Maron GK 100 tonn í 23 . Halldór Afi GK 71 tonní 22. Hraunsvík GK 31 tonní 14. Garpur RE 4,3 tonn í 6 á skötuselsveiðum. Sunna Líf GK 4,7 tonní 9 líka á skötuselsveiðum,

Sunna Líf var alltaf KE og skráður í Reykjanesbæ, en eigandinn af bátnum færði skráninguna og er báturinn núna Sunna Líf GK og er skráður í Sandgerði.

Frekar rólegt var yfir dragnótaveiðunum og var Siggi Bjarna GK með 86 tonn í 12, Sigutrfari GK 44 tonní 8, og Benni Sæm GK 53 tonn í 9.

Það er af sem áður var þegar að dragnótabátarnir voru hátt í 20 talsins, núna einungis 3 og allir í eigu Nesfisks

Gísli R.

Bílastjarnan

VÖNDUÐ VINNUBRÖGÐ

BÍLAMÁLUN OG RÉTTINGAR

BÍLASTJARNAN | BÆJARFLÖT 10 | 112 REYKJAVÍK | SÍMI 567 8686 | BILASTJARNAN@BILASTJARNAN.IS

LJÓSANÓTT NÚMER 19 SETT Í BLÍÐSKAPARVEÐRI

Það var mikill fjöldi íbúa Reykjanesbæjar og gesta sem lagði leið sína í Skrúðgar5ðinn til að vera viðstödd setningu Ljósanætur miðvikudaginn 29.ágúst s.l.

Gunnhildur Gunnarsdóttir forstöðumaður Fjörheima, bauð gesti velkomna.

Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, sagði að nú væri Ljósanótt sett á öðrum stað heldur en í fyrri skipti þ.e. Skrúðgarðinum í stað fyrir framan Myllubakkaskóla. Sagði Kjartan að á fyrstu Ljósanótt hefðu verið 1200 nemendur en nú bæru þeir 2400.

Einnig var nú breytt um tímasetningu. Ljósanótt var nú sett kl 16:30 og virtist sú ákvörðun gefast vel,þar sem mikill fjöldi fullorðinna mætti ásamt börnunum.

Samkór nemenda úr grunnskólum Reykjanesbæjar söng Ljósanótt og Meistari Jakob á nokkrum tungumálum.

Ingó Veðurguð (Ingólfur Þórarinsson), lék og söng nokkur lög við miklar undirtektir krakkanna og fullorðinna.

Næst var komið að virkri þátttöku barna í dansatriði.

Jóhanna Guðrún Jónsdóttir söng nokkur lög og var vel fagnað.

Að lokum drógu fulltrúar nemenda Ljósanæturfánann að húni í skrúðgarðinum.Þar með var Ljósanótt número 19 sett.

Ein mynd segir meira en 1000 orð!

Ljósanætursýning Listasafns Reykjanesbæjar í ár er ljósmyndasýningin „Eitt ár á Suðurnesjum“ og verður hún opnuð fimmtudaginn 30.ágúst kl. 18.00. Sýningin er afrakstur samkeppni sem safnið stóð fyrir árin 2017-18 og var öllum Suðurnesjamönnum boðið að senda inn ljósmyndir sem teknar yrðu eftir ákveðnum reglum. Skilyrðin voru að myndirnar skyldu lýsa daglegu lífi og náttúru á Suðurnesjum á einu ári, nánar tiltekið frá 17.júní 2017 til 17.júní 2018. 60 ljósmyndarar sendu inn 350 ljósmyndir og eru þær allar til sýnis í Listasal Duus Safnahúsa, ýmist útprentaðar eða á skjá. Sex ljósmyndir sigruðu og fóru í hópinn „Bestu myndirnar“ en 30 aðrar fengu sérstaka viðurkenningu sem góðar ljósmyndir. Tilkynnt verður við opnun hverjir vinningshafarnir eru. Dómnefnd skipuðu Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri Reykjanesbæjar, Páll Ketilsson ritstjóri Víkurfrétta og Þuríður Aradóttir Braun forstöðumaður Markaðsstofu Reykjaness. Sýningarstjórar voru Inga Þórey Jóhannsdóttir myndlistarmaður, Oddgeir Karlsson ljósmyndari og Valgerður Guðmundsdóttir forstöðumaður Listasafns Reykjanesbæjar.

Samhliða þessari sýningu verður „systursýningin“ Eitt ár í Færeyjum opnuð í Bíósal Duus Safnahúsa. Sú sýning er líka ljósmyndasýning sem er afrakstur samkeppni sem Norræna húsið í Færeyjum stóð fyrir árin 2016-17 og var sumarsýning Norræna hússins í Þórshöfn sumarið 2017. Öllum Færeyingum var þá boðið að senda inn ljósmyndir sem lýstu daglegu lífi og náttúru í Færeyjum á einu ári, nánar tiltekið frá flaggdeginum 2016 til flaggdagsins 2017. Færeysku vinningsmyndirnar 12 má sjá útprentaðar í Bíósal Duus Safnahúsa en allar aðrar innsendar myndir eru sýndar á skjá.

Segja má að orðtakið „Ein mynd segir meira en þúsund orð“ sé góð lýsing á þessum skemmtilegu sýningum. Ljósmyndirnar gefa gestum innsýn í daglegt líf þessara frændþjóða. Margt er ólíkt en þó er miklu meira sameiginlegt og heildarsvipur beggja sýninganna lýsir bjartsýni og hlýju sem gefur von um gott líf og bjarta framtíð. Þarna hlýtur að vera gott að búa!

Glæsilegt hjá Siggu Dís

Í Oddfellowhúsinu hélt Sigga Dís sýningu á verkum sínum. Glæsilegar myndir á sýningunni og einnig vöktu fallegir púðar mikla athygli. Einnig voru til sölu dagbækur fyrir árið 2019 með skemmtilegri kápumynd.



Unnið úr klóþangi

Kristín Þórunn Helgadóttir frá Þingeyri var með flotta skartgripi til sýningar og sölu. Fjöruperlurnar eru unnar úr vestfirsku klóþangi.

Góð stemning á Ljósanótt

Það var mikið líf og fjör á fimmtudagskvöldinu á Ljósanótt í Reykjanesbæ. Hátt í 40 sýningar voru víðsvegar um bæinn. Fjölbreyttar sýningar og margir gerðu þar góð kaup.Áberandi var eibns og áður að það virðist komin hefð á vinkonur fari saman á rölt um miðbæinn þetta kvöld.

Dansað á Nesvöllum

Eins og alltaf á Ljósanótt er haldið harmonikkuball á Nesvöllum, sem skemmtinefnd Félags eldri borgara á Suðurnesjum efnir til. Dansleikurinn í ár var mjög vel sóttur. Suðurnesjamenn héldu uppi fjörinu.



Vinsæl veski Ingibjargar

Ingibjörg Sólmundardóttir í Ársól var með sölusýningu. Falleg veski hennar vekja alltaf mikla athygli.

FLOTTIR SILVER CROSS BARNAVAGNAR

Þeir eru glæsilegir Silver Cross barnavagnarnir,sem eru á sýningunni í DUUS húsum.

Kynjamyndir Fjólu

Fjóla Jóns var með flottar myndir á Park Inn hótelinu,en sýninguna nefnir hún kynjamyndir.

Við eigum fyrirliggjandi pústkerfi í flestar tegundir bifreiða!

Kvikk þjónustan sérhæfir sig í pústþjónustu fyrir flestar gerðir bifreiða.
Um er að ræða viðgerðir og smíði auk þess sem við flytjum inn pústkerfi á góðu verði.

Einnig sinnum við öðrum þáttum bifreiðaviðgerða s.s. bremsuviðgerðum, undirvagnaviðgerðum, stýrisgangi og fjöðrunarbúnaði

Við leggjum metnað okkar í vandaða þjónustu á góðu verði svo hagkvæmt verði að leita til okkar.

Vagnhöfða 5 - 110 Reykjavík :: Sími 5 200 600 - kvikk@kvikk.is - www.kvikk.is

PÚST BREMSUR STÝRISGANGUR BÓKUN Á NETINU

Heppnaðist einstaklega vel

Suðurnesjablaðið spurði Ásgeir Eiríksson,bæjarstjóra í Vogum hvernig Fjölskyldudagarnir hefðu tekist og hvaða þýðingu svona bæjarhátíð hefði fyrir sveitarfélagið. Ásgeir segir:

„Fjölskyldudagar Sveitarfélagsins Voga voru haldnir í 21. sinni nú í ágúst. Hátíðahöldin stóðu yfir að heita má í heila viku, og heppnuðust einstaklega vel, nú sem endranær. Veðrið var eins og best var á kosið, og þátttakan góð. Dagskráin var fjölbreytt og allir gátu fundið eitthvað við sitt hæfi. Þýðing bæjarhátíðarinnar er mikil, jafnt fyrir íbúa sveitarfélagsins sem og brottflutta heimamenn. Á fjölskyldudögum safnast saman heilu fjölskyldurnar og gestir þeirra, taka þátt í hátíðinni og allar kynslóðir skemmta sér saman“.

Set ehf
röraverksmiðja

Viðtæk þekking, reynsla og geta fyrirtækisins setur það í flokk á meðal helstu röraframleiðenda evrópu.

Forn menningarríki hófu gerð vatnsrenna og lagnastokka fyrir mörgum árþúsundum.
Síðar voru þróaðar vatnsbrýr og málmpípur til að veita vatni til ræktunar, þvotta og drykkjar. Egyptar, Grikkir og Rómverjar áttu mikla verkmenningu á þessu sviði, en vatnsbrýr Rómverja eru enn í dag taldar meðal helstu verkfræðiafreka mannkyns.

Lagnagerð er því með elstu iðngreinum sögunnar og hefur þróast með tímanum.
Með nýjustu tækni og aðferðum hefur röraverksmiðjan Set skapað sér sérstöðu á heimsvísu með fjölbreytileika í framleiðslu, ásamt því að vera mikilvægur þátttakandi í uppbyggingu og nýsköpun í íslensku samfélagi.

Set ehf.
Röraverksmiðja
Eyravegur 41
800 Selfoss

Sími +354 480 2700
Fax +354 482 2099

set@set.is

Framúrskarandi fyrirtæki 2013

Veljum íslenskt og sköpum með því verðmæti og störf.

Set ehf • Röraverksmiðja

www.set.is

Dagdvöl aldraðra í Garði og Sandgerði

Á fundi Bæjarráðs Sandgerðis var rætt um dagdvöl aldraðra Guðrún B Sigurðardóttir sviðsstjóri fjölskyldusviðs sat fundinn undir dagskrárliðum 5 - 9. Fyrir liggur minnisblað frá sviðsstjóra fjölskyldusviðs um dagdvöl fyrir aldraða. Í minnisblaðinu er m.a. lagt til að gengið verði til samninga við Reykjanesbæ um tímabundna þjónustu. Þá er lagt til að skipaður verði vinnuhópur sem kortleggi hvernig best sé fyrir sveitarfélagið að sinna þessari þjónustu í framtíðinni og að fjármagn verði sett í málaflokkinn.

Framkvæmdir við fráveitu

Framkvæmdaráætlun verklegra framkvæmd var rædd á fundi Bæjarráðs Garðs og Sandgerðis. Einar Friðrik Brynjarsson umhverfi-og tæknifulltrúi sat fundinn undir þessum dagskrárlið og fór yfir minnisblað frá VSÓ ráðgjöf um stöðu framkvæmda við fráveitu, dælumannvirki og útrás. Þá var farið yfir stöðu einstaka verkefna. Samþykkt að fela umhverfis-og skipulagssviði að vinna að því að framkvæmdir við fráveitu hefjist sem fyrst.

Vilja tvo af fimm fulltrúum

Á síðasta fundi Bæjarráðs Reykjanesbæjar var rætt um skipting fulltrúa í heilbrigðisnefnd milli sveitarfélaga

Bæjarráð leggur til að Reykjanesbær fái tvo af fimm fulltrúum í stjórn Heilbrigðisnefndar Suðurnesja og nefndin kjósi sér formann á fyrsta fundi nefndarinnar samanber bókun bæjarráðs Reykjanesbæjar á 1175. fundi þann 28. júní sl. Þar sem búið er að kjósa einn aðalmann og einn varamann þarf að kjósa annan aðalmann og annan varamann á næsta fundi bæjarráðs.

Bæjarráð leggur áherslu á að formaður nefndarinnar verði sem fyrr annar fulltrúi Reykjanesbæjar.

Samþykkt samhljóða.

Sá fimmti verði frá Reykjanesbæ

Bæjarstjórn Voga tók fyrir erindi Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja dags. 26. júní 2018, þar sem athygli aðildarsveitarfélaganna er vakin á því að þau þurfi að koma sér saman um skipan 5. manns nefndarinnar.

Bæjarráð samþykkir að erindið verði afgreitt á vettvangi SSS. Afstaða Sveitarfélagsins Voga er að fimmta sæti nefndarinnar verði skipað fulltrúa Reykjanesbæjar.

RAFGEYMASALAN:

Þekkt fyrir góða þjónustu

Rafgeymar og rafhlöður hafa lengi verið útbreidd og nauðsynleg tæki í nútímasamfélagi en notkun þeirra fer sífellt vaxandi með sífellt aukinni rafvæðingu. En fólk þarf ekki bara á góðum rafgeymum og rafhlöðum að halda heldur líka ráðgjöf og þjónustu því fæstir hafa mikla þekkingu á rafbúnaði. Rafgeymasalan er einn helsti söluaðili rafgeyma á Íslandi en fyrirtækið er þekkt fyrir góða þjónustu á þessu sviði:

„Langmikilvægasti þátturinn í okkar starfsemi er þjónustan. Það er afar mikilvægt að mæla geyma og kanna hvort ekki sé í lagi með þá. Ef fólk er í vafa um hvort rafgeymirinn sé í lagi þá mælum við hann fyrir það," segir Sigfús Tómasson hjá Rafgeymasölunni.

Fyrirtækið veitir einnig víðtækari þjónustu en sífellt vaxandi þáttur í starfseminni er varaaflsþjónusta fyrir fyrirtæki og stofnanir. „Iðntölvur sem stýra stórum kerfum þurfa að hafa varaafl. Við förum líka út á örkina og mælum geyma fyrir fyrirtæki og stofnanir," segir Sigfús.

Langstærsti viðskiptavinahópur Rafgeymasölunnar er þó almenningur, til dæmis bíleigendur sem fá hina rómuðu Varta-rafgeyma í bílana sína. Annað þekkt merki í rafgeymum sem Rafgeymasalan býður upp á eru Trojan-rafgeymar fyrir vinnulyftur og önnur vinnutæki.

Við flytjum líka töluvert inn af sérsmíðuðum rafgeymum fyrir fornbíla og svo erum við mjög stórir í rafgeymum fyrir mótorhjól," segir Sigfús.

En rafgeymar koma miklu víðar við sögu enda fer rafmagnsnotkun sífellt vaxandi. Rafgeymasalan er með rafgeyma fyrir öryggiskerfi, tölvu-varaafl og hjólastóla, sem og golfkerrur og golfbíla. Áðurnefndir Trojan-rafgeymar eru notaðir í golfbíla. Einnig sér fyrirtækið eigendum hjólhýsa og fellihýsa fyrir sólarrafhlöðum og rafgeymum.

Rafgeymasalan er til húsa að Dalshrauni 17 í Hafnarfirði. Opið er virka daga frá kl. 8 til 18. Símanúmer er 565 4060.

Kostnaðarþátttaka afnumin hjá 99% grunnskólabarna

Ný könnun Velferðarvaktarinnar á kostnaðarþátttöku grunnskólabarna í skólagögnum, s.s. ritföngum og pappír, sýnir að á næsta skólaári 2018-2019 munu 99% grunnskólabarna búa í sveitarfélögum sem hafa afnumið hana. Velferðarvaktin hefur tvívegist falið Maskínu að kanna kostnaðarþátttöku grunnskólabarna í skólagögnum. Niðurstöðurnar hafa leitt í ljós að flest sveitarfélög hafa ákveðið að afnema kostnaðarþátttöku grunnskólabarna vegna skólagagna. Skólaárið 2016-2017 höfðu 23% sveitarfélaga afnumið kostnaðarþátttökuna og 85% skólaárið 2017-2018. Á nýhöfnu skólaári; 2018-2019, er hlutfallið komið í 92%.

Í þeim sveitarfélögum sem svara því til að þau hafi ekki afnumið kostnaðarþátttöku búa um 1% grunnskólabarna landsins. Könnunin leiðir því í ljós að alls búa nú að minnsta kosti 44.643 börn, eða um 99% grunnskólanema landsins, í sveitarfélögum sem hafa aflétt kostnaðarþátttöku grunnskólanema.

Siv Friðleifsdóttir, formaður Velferðarvaktarinnar segir þessa þróun einstaklega ánægjulega: „Nýja könnunin sýnir að sveitarfélögin eru að taka stórt skref í þágu barna. Þau eru að aflétta um 300-350 milljónum króna árlega af barnafjölskyldum með þessu skrefi. Velferðarvaktin hefur lengi beitt sér fyrir því að sveitarfélögin leggi kostnaðarþátttöku af svo bágur efnahagur heimilis komi síður niður á námi og lífi barna. Barnaheill, Heimili og skóli og ýmis foreldrafélög hafa einnig beitt sér. Upplýsingar Velferðarvaktarinnar sýna að kostnaðarþátttaka hefur verið mjög mismunandi og farið allt upp í 22.300 krónur á ári. Við höfum komið því á framfæri að kostnaðarþátttaka upp á tugi þúsunda króna samrýmist hvorki anda Barnasáttmálans né grunnskólalaganna og höfum hvatt menntamálaráðherra til að beita sér fyrir endurskoðun 31. greinar grunnskólalaganna. Við í Velferðarvaktinni fögnum því að langflest grunnskólabörn eru laus við kostnaðarþátttökuna og vonum að innan tíðar verði þau öll komin í þann hóp“ segir Siv.

Grunnskólabörn á Íslandi voru 45.195 árið 2017 og er stuðst við þær tölur í ofangreindri samantekt.

RÖDD UNGA FÓLKSINS FORDÆMIR UMMÆLI

Á fundi Bæjarstjórnar Grindavíkur 28.ágúst s.l. var bókað: „Í kjölfar umræðu og fjölmiðla umfjöllun í kringum uppsagnir sviðsstjóra og fleiri starfsmanna Grindavíkur fordæmum við hjá Rödd unga fólksins ummæli formann bæjarráðs sem birtust í Víkurfréttum. Við teljum þetta grafalvarlegt mál þar sem þarna er verið að brjóta á trúnað starfsfólks Grindavíkurbæjar og siðareglur kjörinna fulltrúa Grindavíkurbæjar. Vísun til greinar um trúnað og þagnarskyldu í siðareglum:

Trúnaður og þagnarskylda
Kjörnir fulltrúar gæta þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einkahagsmuna eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Trúnaðurinn helst áfram eftir að kjörnir fulltrúar láta af störfum.

Kjörnir fulltrúar virða trúnað um ummæli einstakra fundarmanna á lokuðum fundum í nefndum og ráðum Grindavíkurbæjar, sem og um innihald skjala eða annarra gagna, sem þeir fá aðgang að vegna starfa sinna og trúnaður skal vera um, enda byggi hann á lögmætum og málefnalegum rökum.

Helga Dís Jakobsdóttir, fulltrúi U-lista“
Fundarhlé tekið kl. 18:20 - 18:27

Bókun
„Í stærra samhengi viðtals taldi ég mig ekki brjóta gegn reglunum en finnist einhverjum á sér brotið biðst ég afsökunar á því.

Hjálmar Hallgrímsson, formaður bæjarráðs“.

KÆNAN:

Gróinn alþýðustaður í nýjum búningi

Þetta er gamall og gróinn staður hér í Hafnarfirði, staður sem flestir þekkja og hefur verið starfandi frá árinu 1980. Þetta hefur alltaf verið alþýðustaður, hádegisverðarstaður fyrir vinnandi menn, verkamenn og iðnaðarmenn, og maturinn ber keim af því þar sem áherslan er á ekta íslenskan heimilismat," segir Oddsteinn Gíslason, veitingamaður á Kænunni, sem staðsett er að Óseyrarbraut 2, við höfnina í Hafnarfirði.

Oddgeir keypti staðinn í nóvember árið 2016 og hefur endurnýjað hann mikið að innan og friskað upp á útlitið: „Við höfum unnið markvisst að endurbótum á staðnum. Höfum lagað matsalinn heilmikið til, eldhúsið er nýtt og allir innviðir að verða nýir," segir Oddsteinn.

Þrír matreiðslumeistarar eru á staðnum: Oddsteinn Gíslason, Eiríkur Friðriksson og Jón Ingi Ólafsson. Matseldin einkennist í senn af föstum liðum og tilbreytingu. Meðal vinsælla rétta eru lambalæri með bernaise-sósu og purusteik á föstudögum og svo er ýsa í raspi ómissandi á mánudögum.

„Við pössum upp á fjölbreytnina og erum með nýjan matseðil vikulega, auk þess breytum við t.d. reglulega um sósu með lambasteikinni og fleira slíkt. En það eru alltaf fastir liðir á matseðlinum sem ekki má vanta," segir Oddsteinn.

Kænan tekur rúmlega 100 manns í sæti en það er oft þétt setið í hádeginu: „Við þrísetjum í hádeginu og það er oft röð út úr dyrum," segir Oddsteinn en þetta gengur hratt fyrir sig og mönnum þykir maturinn biðarinnar virði.

Kænan sér um mötuneyti Hafnarfjarðarbæjar og sendir hádegismat í ýmis fyrirtæki sem sum eru í fastri áskrift og önnur í tilfallandi viðskiptum. Þá býður Kænan einnig upp á öfluga veisluþjónustu. Nánari upplýsingar eru á vefsíðunni kaenan.is og á Facebook-síðunni Kænan.

Einnig er gott að senda fyrirspurnir á netfangið steini@kaenan.is eða hafa samband í síma 5651550.

et EHF. VERSLUN

Frábært úrval díóðu (LED) vörubíla og kerruljósa á góðu verði

AB VARAHLUTIR – UMBOÐ EGILSSTÖÐUM

Klettagörðum 11 • 104 Reykjavík
S: 5682130 • Fax: 5680844 • www.et.is

Iðnaðarmenn og aðrir, kerrurnar frá HUMBAUR hafa margsannað sig á Íslandi!

Tveggjaöxlakerra, 2500kg, gerð 2331, mál: 3,03x1,50m, opnanleg að framan. Verð kr. 431.452, - án vsk.

Flatvagnar-ýmsar stærðir, 2000kg-3500kg, mál frá 2,65x1,65m til 6,10x2,48m.

750kg kerra, gerð 1384, mál: 251x131x35cm með sturtum. Verð kr: 229.839,- án vsk.

750kg kerra, gerð 1374, mál: 251x131x35cm, opnanleg að framan. Verð kr: 201.612.- án vsk.

750kg kerra, gerð 1376, mál: 205x131x35cm, opnanleg að framan. Verð kr: 169.355.- án vsk.

Startrailer 750kg, gerð 1280, mál: 205x109,5x30cm. Verð kr: 120.888,- án vsk.

Nýtt á Íslandi frá WÖRMANN world of trailers kerrum

Krókhaysiskerra. 3500 kg heildarburður, ýmsar gerðir af gámum.

Unilader. 2700-3500 kg heildarburður, sem véla og sturtukerra.

Topplausnir

WWW.TOPPLAUSNIR.IS / S: 517 7718
SMIÐJUVEGI 40, GUL GATA, KÓPAVOGI

Skemmtilegar myndir Stefáns

Stefán Jónsson var með skemmtilega myndasýningu,þar sem margt var um manninn. Strax fyrsta kvöldið voru margar myndir seldar.

Alls 2418 nemar skráðir til náms í grunnskólunum

Frá skólasetningu fyrstu bekkinga í Myllubakkaskóla .. Þar var bæði tilhlökkun og spenningur yfir nýrri reynslu. Ljósm. Heba Friðriksdóttir

Fyrsti skóladagurinn í grunnskólum Reykjanesbæjar er í dag. Um 220 fyrstu bekkingar eru nú að hefja grunnskólanám í fyrsta sinn. Við skólasetningu í gær voru 2418 nemendur skráðir til náms í grunnskólum Reykjanesbæjar. Talan gæti átt eftir að hækka næstu daga.

Flestum nemendum og foreldrum finnst gott að komast aftur í sínar venjur hausts og vetrar þó erfitt getur reynst að kveðja sumarið. Framundan eru arkandi börn um allan bæ með skólatöskur á bakinu og því eru ökumenn beðnir um að sýna aðgát í nágrenni skóla. Reykjanesbæ hefur hengt upp fána í skólahverfum til að minna á skólabyrjun.

Í þessu samhengi er viðeigandi að birta ljóð Vilborgar Dagbjartsdóttur um haustið.

Nú haustar að
Einhverja nóttina koma skógarþrestirnir
að tína reyniber af trjánum
áður en þeir leggja í langferðina yfir hafið,
en það eru ekki þeir sem koma með haustið
það gera lítil börn með skólatöskur.
Vilborg Dagbjartsdóttir
(Heimasíða Rnb.)

Miðflokkurinn í Grindavík vill hreystigarð

Á síðasta fundi Bæjarstjórnar Grindavíkur lagði Miðflokkurinn til að farið verði í að vinna kostnaðaráætlun og að athuga staðsetningu/staðsetningar fyrir hreystigarð hér í Grindavík

Greinargerð

Við erum heilsueflandi samfélag og væri þetta vel í takt við þá stefnu að setja upp svona hreystigarð þar sem ungir jafnt sem aldnir gætu nýtt sér tækin og fallegt umhverfið okkar á heilsueflandi hátt. Með því að setja upp slíkan garð erum við að auka gæði þjónustu við íbúa og draga þannig úr ójöfnuði þar sem allir gætu nýtt sér þessa aðstöðu.

Í aðalskipulagi í kafla 4.9.2 bls 48-49 er verið að tala um opin svæði og svæði skipulögð til útivistar fyrir almenning. Þar er skipulagður almenningsgarður í Kúadal og mætti því skoða staðsetningu á slíkum garði þar, þó eru fleiri staðir sem vel gætu komið til greina.

Hreystigarður í fallegum útivistargarði í Kúadal yrði mikil bæjarprýði og Grindavík til sóma.

Hallfríður Hólmgrímsdóttir, bæjarfulltrúi M-lista.

Tillaga

Lagt er til að vísa málinu til bæjarráðs til frekari vinnslu.

Samþykkt samhljóða.

www.volundarhus.is

GLÆSILEGT ÚRVAL

AF GARÐHÚSUM á frábærum verðum

Sérframleidd fyrir íslenskar aðstæður. Sérvalin hægvaxta fura, bjálkinn er 28 - 44 mm með tvöfaldri nót.

Sjá nánar á heimasíðunni okkar volundarhus.is http://www.volundarhus.is/Husin-okkar/Gardhus/

vőlundarhús.is
Vel valið fyrir húsið þitt
volundarhus.is · Sími 864-2400

VH/18-01

TÆKI.IS:

Rótgróin hafnfirsk tækjaleiga

Tæki.is er gróið fjölskyldufyrirtæki sem á rætur sínar að rekja allt til ársins 1982, en þá stofnaði Þorsteinn Auðunn Pétursson fyrirtækið Körfubílaþjónustuna, körfubílaleigu sem hann átti og rak um árabil eða allt til ársins 2004 þegar ákveðið var að fara meira út í lyftubransann og Tæki.is var stofnað. Tæki.is sérhæfir sig í tækjaleigu til fyrirtækja og einstaklinga. „Við erum mjög stoltir af flotanum okkar sem samanstendur af ýmsum gerðum af vinnulyftum, minni jarðvinnuvélum, lyfturum o.fl. Til okkar leita bæði almennir borgarar og fyrirtæki sem við leggjum ríka áherslu á að þjóna vel," segir Örvar Þorsteinsson, einn sona Þorsteins.

„Hjá okkur starfar þéttur hópur af úrvals góðu starfsfólki sem setur sér það að markmiði að veita flotta og góða þjónustu. Við erum átta manna samhentur hópur sem höldum starfseminni í fullum gangi," segir Örvar.

„Við eigum mjög stóran hóp af traustum og góðum viðskiptavinum sem okkur er annt um og við kappkostum að veita þeim öllum góða þjónustu. Það er afar mikið að gera á þessum tíma árs og síminn stoppar ekki þessa dagana, en við leitumst við að leysa öll stærri sem smærri verk og með nýju og bættu kerfi höfum við náð að nýta tækin mun betur og þar af leiðandi veita enn betri þjónustu."

JLG vinnulyftur eru á meðal fremstu lyftuframleiðenda í heimi og eru það tæki sem Tæki.is nota helst á sinni leigu. „Einnig erum við með Manitou vinnulyftur og erum nýlega búnir að fá nýja gerð af þeim, Manitou 280TJ, sem eru spjótlyftur með 28 m vinnuhæð og 350 kg burðagetu í körfu, en þær hafa komið mjög vel út og verið mjög vinsælar," segir Örvar.

Verkefnin eru mjög fjölbreytt og mismunandi hjá Tæki.is : „Þetta er allt frá því að skipta um ljósaperu í ljósastaur og upp í að mála 15 hæða blokkir en við náum 43 m vinnuhæð með stærstu lyftunum okkar," segir Örvar.

Tækjafloti fyrirtækisins er stór og fylgir því mikil vinna að viðhalda honum. „Við eru með yfir 200 tæki á skrá og rekum eigið verkstæði. Við flytjum flestar okkar vélar og varahluti sjálfir inn, en erum einnig í góðu samstarfi við nokkra innlenda birgja. Flotinn er blanda af notuðu og nýju, við erum búnir að vera að endurnýja töluvert og komu um 40 ný tæki á síðasta ári og hafa þó nokkur verið að bætast við frá áramótum," segir Örvar.

Upplýsinga- og pöntunarsíminn hjá Tæki.is er 5653344 en fyrirtækið er til húsa að Norðurhellu 5, Hafnarfirði.

12. tölublað 2. árgangur

SUÐURNESJABLAÐIÐ

Dreift í **10.000** eintökum ókeypis í allar íbúðir á Reykjanesi

ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?



Viðgerðir á öllum gerðum af bíla-, mótorhjóla og snjósleðasætum. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu.

Formbólstrun

Hamraborg 5 kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hsbolstrun.is

Er vit í þessu Svandís?

Ísólfur Gylfi Pálmason fyrrverandi sveitarstjóri og þingmaður Framsóknarflokksins skrifar athyglisverða sjúkrasögu í Morgunblaðið nýlega.Hann greinir fá því að hann þyrfti að fara í mjaðmaliðsskipta aðgerð.

Læknirinn tjáði Ísólfi Gylfa að langur biðlisti væri eftir svona aðgerð og mætti hann búast við að þurfa að bíða mánuðum saman eftir að komast í aðgerðina. Hann sá því framá margra kvalafulla mánuði með inntöku sterkra verkjalyfja

Læknirinn sagði að þeir á Klíníkinni í Reykjavík gætu gert svona aðgerða,en Sjúkratryggingar Íslands tækju ekki þátt í kostnaðinum. Hann þyrfti að borga sjálfur 1200 þús. krónur.

Reyndar væri möguleiki að sækja um að fara til Svíþjóðar í aðgerðina. Það gekk eftir og hann fór á einkasjúkrahús í Svíaríki. Þar var kostnaðurinn þrisvar sinnum dýrari heldur en hér á Íslandi.

Það er ótrúlegt hvernig Svandís heilbrigðisráðherra er tilbúin að sóa fjármunum. Eingöngu af einhverjum prinsipp ástæðum að hugsanlega gætu einhverjir grætt á einkaspítalnum hér.

Það hefði verið hægt að taka þrjá af biðlistanum hér á Íslandi ef kommahugsunin væri ekki til staðar í ráðuneytinu.

Hvers kona della er þetta.

Er betra að íslenska ríkið borgi mun meira til einkasjúkra í Svíþjóð?

FALLEGIR LEGSTEINAR

Opið: 10-17
alla virka daga

Verið velkomin

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

Gæðakerrur fyrir öll tækifæri

- mikið úrval aukahluta

Garð- og tómstundakerrur

Kerrur með frábæra aksturseiginleika sem auðvelt er að geyma uppá enda.
Góð burðargeta og frábært úrval aukahluta til að auka notkunarmögleika kerrunnar.

Sterkar iðnaðarkerrur

Sérstaklega öflugar og endingargóðar kerrur. Fáanlegar úr stáli eða áli og með mismunandi pallastærðir.

Flestar gerðir eru með:
- Lokuð hólf undir pallinum
- Verkfærakassa á dráttarbeislinu
- Rúma tvö samhliða Euro-bretti
- Hægt að nota sem flatvagn

Innbyggð geymsluhólf

Innfelldar krækjur

Fjöldi botnstífa

Aðeins 12° halli

Tækjakerrur

- Sterkbyggðar kerrur með sturtueiginleika
- Aðeins 12° halli þegar keyrt er uppá pallinn
- Lágur þyngdarpunktur

Burðargeta allt að 2.835 kg.

Söluaðilar

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
603 Akureyri
Sími 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
260 Reykjanesbær
Sími 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
800 Selfossi
Sími 480-8000

TOPPBÍLAR
Kletthálsi 2
110 Reykjavík
Sími 587-2000

KRAFTVÉLAR
Dalvegur 6-8
201 Kópavogur
Sími 535-3500

Kaupfélag Skagfirðinga
Ártorgi 1
550 Sauðárkrókur
Sími 455-4500